



Finna Birna Steinsson býr til kargapýfi á stéttinni við sýningarhúsið og kallar verk sitt auðvitað Út um stéttar.

Þrítekinn skúlptúr

Íslensk samtímalist verður framlag Kjarvalsstaða til Listahátíðar. Þar verður sýning sem ber heitið Skúlptúr/skúlptúr/skúlptúr og á að sýna það sem er að gerast í þeirri grein um þessar mundir.

30 listamenn, sem sagðir eru sporgöngumenn Súmmaranna, sýna verk sín þarna.

Í sýningarskrám, fréttatilkyningum og væntanlegum

umsögnum fróðra manna um list verður mikið talað um tæknifræðileg merkingarsvið og nýja brúkun á rýminu og öll þessi illskiljanlegu hugtök sem gera listina svo undurskrýtna.

En sumir láta sér nægja að sjá það sem þeir sjá, og fyrir þeim er listin misjafnlega heillandi og er ekki meira um það að segja.


Á meðfylgjandi myndum eru fjórir þeirra þriggja tuga listamanna, sem sýna á Kjarvalsstöðum, að vinna að verkum sínum. ■

Ívar Valgarðsson
raðar Málning-
arvörum innan-
húss.



Brynhildur Þorgeirsdóttir setur upp sína Gígaborg á Klambatúni.

Tímamyndir
Gunnar Sverrisson



Haraldur Jónsson horfir kátur um öxl frá vegg með götum.